

Reykjavík, 11. maí 2004

Alþingi
Erindi nr. P 130/2437
Komudagur 11.5.2004

Iðnaðarnefnd Alþingis
B.t. Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari

Efni: Minnisblað um fyrirkomulag jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku

Á fundi nefndarinnar, síðastliðinn föstudag, 7. maí, var gafst undirruðum ekki tækifæri til að svara öllum spurningum til hlítar og var eftir því óskað að gerð yrði grein fyrir einu tilteknu álitamáli með skriflegum hætti.

Um er ræða heimildarákvæði í 9. gr. frumvarps um breytingu á raforkulögum um svokallaða dreifbýlisgjaldskrá og 3. gr frumvarps til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

Í síðarnefndri frumvarpsgrein stendur meðal annars: “Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda í kr./kWh sé umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarkna skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrá undanskilum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu um fram viðmiðunarmörk í reglugerð.”

Undirritaður var spurður eitthvað á þá leið, hvort þessi háttur á niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar gæti leitt til mikillar sveiflu í niðurgreiðslu eða heildarverði til raforkunotenda í dreifbýli.

Að athuguðu máli virðist sem að fótur sé fyrir áhyggjum fyrirspyrjenda (Kjartans Ólafssonar) að svo miklu leyti sem hámarksverð samkvæmt gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrá undanskilum getur tekið breytingum yfir tíma. Þó ekki þannig að heildarupphæð niðurgreiðslna breytist, því hún tekur mið af fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni. Hækkun viðmiðunarmarkna hefur hins vegar áhrif á skiptingu niðurgreiðslunnar á milli dreifiveitusvæða og þar með á einstaka notendur.

Að öllu jöfnu ætti viðmiðunarmörkin þó ekki að breytast oftar en á þriggja ára fresti, en það er venjubundinn endurskoðunartími tekjumarkna. Þó er heimild til að breyta tekjumarki oftar ef Orkustofnun metur ástæðu til (sbr. 4 mgr. 9 gr. frumvarps um breytingu á raforkulögum).

Á fundi nefndarinnar lét undirritaður í ljós þá skoðun að hugsanlega kæmi upp hagsmunaárekstur vegna þessa ákvæðis, hjá dreifiveitu sem gæfi út þá “þéttbýlisgjaldskrá” sem skilgreindi viðmiðunarmörkin og um leið starfrækti dreifbýlisnet sem uppfyllti skilyrði fyrir niðurgreiðslu. Þó svo að niðurgreiðslan berist neytendum en ekki fyrirtækjum er eðlilegt að gera ráð fyrir að orkunotendur taki mið af heildarkostnaði við orkunotkun við hagrænar ákvarðanir sínar en ekki aðeins einstaka kostnaðar- eða frádráttarliði. Aukin niðurgreiðsla skapar því svigrúm til hækkunar

orkuverðs (dreifingarkostnaður frátalinn) og er þar með til hagsbóta fyrir fyrirtæki í þessari stöðu.¹

Án þess að lagt sé mat á hversu líklegt er að slíkt vandamál komi upp eða hversu alvarlegt það er, er rétt að benda á að draga mætti verulega úr þessum vanda með því að nota meðaltal “þéttbýlisgjaldskráa” sem viðmiðun. Slíkt hefði engin viðbótar útgjöld í för með sér, enda heildarupphæð niðurgreiðslunnar háð fjárveitingu í fjárlögum. Slík breyting myndi aukinheldur eyða áhyggjum um óhóflegar sveiflur í niðurgreiðslum til einstakra neytenda.

Virðingarfyllst,

Jón Þór Sturluson

¹ Slíkt svigrúm nýtist öllum sem selja orku á viðkomandi svæði, en skiptir dreifiveitufyrirtækið mestu máli vegna yfirburðarstöðu á svæðinu á grundvelli skipti- og leitarkostnaðar. Sjá nánar rannsóknir undirritaðs sem eru aðgengilegar á <http://www.hi.is/~jonthor/>